

Badmintonfélag Hafnarfjarðar
Ársskýrsla 2021

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipulag	6
Viðburðir badmintonársins 2020-2021	7
Viðburðir borðtennisársins 2020-2021	18
Viðburðir tennisársins 2020-2021	27
Ársreikningur 2020	28

Ávarp formanns

Ágætu félagar Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Þetta síðasta starfsár Badmintonfélags Hafnarfjarðar hefur verið eitt sérkennilegasta ár í sögu félagsins. Eftir ótrúlega skemmtilega byrun á árinu þar sem við tókum við lykлавöldunum í Íþróttahúsinu við Strandgötu og réðum framkvæmdastjóra sem hóf störf í byrjun árs, þá skall á farsótt Covid-19, sem við erum ekki enn búin að sjá fyrir endann á. Breyta þurfti æfingatöflum, fella niður mót og skerða starfsemi félagsins á öllum sviðum. Þrátt fyrir þetta mótlæti var ákveðið að reyna að gera það besta úr stöðunni og farið var í ýmsar aðgerðir til að koma til móts við félagsmenn. Skipulagðar voru fjaræfingar og þjálfarar voru í rafrænu sambandi við sína iðkendur, hringt var í iðkendur í keppnishópum og þeir hvatir til dáða. Þá bauð BSÍ uppá áhugaverða fyrirlestra sem voru opnir öllum um næringu, sálfræði o.fl. atriði sem gagnleg voru íþróttafólkinu.

Mótahald fór líka úr skorðum og var Íslandsmótunum í badminton frestað fram í september. Meistaramót Íslands fór fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu í umsjón BH og BSÍ og var umgjörð þess glæsileg. Nýja talningarkerfið var notað og vegna samkomutakmarkanna var streymt frá öllum völlum. Fékk félagið mikið hrós frá Badmintonsambandinu fyrir sitt framlag og jafnframt frá keppendum á mótinu. Við gátum líka verið stolt af okkar fólki, 35 BH-ingar tóku þátt og átti BH fulltrúa í 12 af 17 úrslitaleikjum og unnu 12 Íslandsmeistaratitla.

Íslandsmóti unglunga í badminton var líka frestað fram á haustið og fór það fram í Mosfellsbæ. Vegna samkomutakmarkanna var ekki hægt að vera með áhorfendur á mótinu og grímuskylda var utan vallar. Þrátt fyrir þessar takmarkanir tókst mótið vel og fjöldi þátttakenda var á mótinu. Þær Halla Stella Sveinbjörnsdóttir og Una Hrund Örvar náðu þeim frábæra árangri að sigra þrefalt í sínum flokkum, en Halla spilaði í U13 og Una í U19.

Mótahald í borðtennis fór einnig í skrúfunu og mótum frestað eða felld niður. Enga að síður varð sprenging í fjölda iðkenda í borðtennis og greinilegt að ný og endurbætt aðstaða þeirra í Álfafelli hefur gefið deildinni byr undir báða vængi. Íslandsmótið í borðtennis fór fram helgina 7.-8. mars s.l. og var greinilegt að stemmingin í borðtennisdeildinni skilar góðum árangri. BH-ingar áttu þar tvo Íslandsmeistara í efsta flokki, Birgir Ívarsson og Magnús Gauti Úlfarsson unnu sannfærandi þriðja árið í röð, Íslandsmeistaratitilinn í tvíliðaleik karla og Magnús Gauti endurheimti Íslandsmeistaratitilinn í Meistaraflokki karla.

Þetta fyrsta rekstrarár okkar á Íþróttahúsinu við Strandgötu hefur því verið skrítið. Við þurft að loka húsinu vegna sóttvarna og takmarka aðgengi iðkenda og skólabarna að húsinu. En eins og áður sagði hefur verið leitað leiða til að koma til móts við iðkendur og þeim leiðbeint í gegnum fjarfundarbúnað. Eins tók Hafnarfjarðarbær vel í beiðni okkar um að farið yrði í lagfæringar á húsinu og var tíminn nýttur til að endurnýja ljósin í stóra salnum, skipta um ljós og gólfefni í borðtennisalnum og auk fleiri framkvæmda sem farið var í. Félagsmenn lögðu fram krafta sína í að mála og standsetja aðstöðu í kjallara og anddyri og var gaman að sjá þá samstöðu sem félagsmenn sýndu þegar á reyndi.

Tennismenn stofnuðu sérstakt tennisfélag í Hafnarfirði á árinu og er þar með lokið því samstarfi sem verið hefur um áratugaskeið, en tennisdeild BH hefur verið starfrækt undanfarna tvo áratugi við erfiðan kost. Engin aðstaða hefur verið innanhús fyrir tennismenn og hafa þeir þurft að æfa í Tennishöllinni í Kópavogi. Badmintonfélag Hafnarfjarðar óskar tennismönnum góðs gengis á nýju vettvangi og þökkum þeim samfylgdina í gegnum árin.

Samningur Badmintonfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar sem tók gildi 1. janúar 2020 gaf okkur tækifæri til að ráða í fyrsta skipti framkvæmdastjóra til félagsins og var Anna Lilja Sigurðardóttir ráðin til starfans. Þó hún sé ekki alls ókunnug starfi félagsins biðu hennar margar nýjar áskoranir á árinu vegna Covid-19 og leysti hún þær allar með sóma. Félagið stendur traustum fótum, rekstur þess gekk vel þrátt fyrir miklar takmarkanir varðandi æfingar og keppni og byggjum við á góðum grunni.

Ítarleg grein er gerð fyrir starfsemi deilda hér í ársskýrslunni og vil ég þakka öllum sem koma að starfi félagsins fyrir stuðninginn. Stjórn félagsins og stjórnarmönnum deilda þakka ég samstarfið og er þess fullviss að ef við höldum áfram að leggja áherslu á gleði og samstöðu í félaginu, þá eru okkur allir vegir færir.

Með kveðju,
Hörður Þorsteinsson

Skipulag

Badmintonfélag Hafnarfjarðar var stofnað 7.október árið 1959 og varð því 60 ára árið 2019.

Í stjórnnum Badmintonfélags Hafnarfjarðar 2020-2021 sátu eftirtaldir einstaklingar

Aðalstjórn

Formaður	Hörður Þorsteinsson
Varaformaður	Erla Björg Hafsteinsdóttir
Gjaldkeri	Irena Ásdís Óskarsdóttir
Ritari	Ingimar Ingimarsson
Meðstjórnandi	Auður Kristín Árnadóttir
Meðstjórnandi	Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson
Meðstjórnandi og fulltrúi ungra	Freyr Víkingur Einarsson

Badmintondeild

Formaður	Hörður Þorsteinsson
Varaformaður	Erla Björg Hafsteinsdóttir
Gjaldkeri	Irena Ásdís Óskarsdóttir
Ritari	Frímánn Ari Ferdinandsson
Meðstjórnandi og formaður foreldraráðs	Auður Kristín Árnadóttir
Meðstjórnandi	Kristján Kristjánsson
Meðstjórnandi og fulltrúi ungra	Freyr Víkingur Einarsson

Borðtennisdeild

Formaður	Ingimar Ingimarsson
Varaformaður	Jóhannes B. Urbancic Tómasson
Ritari og formaður foreldraráðs	Erla Erlendsdóttir
Gjaldkeri	Haukur Hauksson
Meðstjórnandi	Dagur Snær Steingrímsson
Meðstjórnandi	Nedelina Ivanova
Varamaður	Tómas Ingi Shelton

Tennisdeild – til 31.desember 2020

Formaður	Júliana Jónsdóttir
Meðstjórnandi	Hjörtur Þór Grjetarsson
Meðstjórnandi	Andri Jónsson

Viðburðir badmintonársins 2020-2021

Badmintontímabilið 2020-2021 var mjög óvenjulegt líkt og það síðasta sökum Covid19 faraldursins. Mikið var þó um að vera og verður hér stiklað á stóru í starfsemi félagsins á tímabilinu.

Sumarið 2020

Segja má að sumaræfingarnar hafi hafist 4.maí þetta tímabilið en ekki um miðjan júní eins og svo oft áður. Ekki mátti spila badminton á landinu 15.mars til 3.maí vegna samkomubanns og því mikil gleði þegar það mátti loksins aftur í byrjun maí. Fyrst með miklum takmörkunum en um miðjan maí var allt komið í nokkuð venjulegt horf. Það var því ekki tekið neitt sumarfrí heldur héldu æfingar áfram inn í sumarið bæði hjá keppnishópum og fullorðnum. Kjartan, Erla og Siggi sáu um sumaræfingar fyrir keppnishópana. Frjálsíþróttabjálfarinn Silja Úlfarsdóttir hitti einnig keppnishópana og kenndi þeim góðan hlaupastíl. Þá aðstoðaði hún þjálfara við gerð hlaupaáætlanna sem reyndist mjög vel. Í byrjun ágúst byrjuðu takmarkanir vegna Covid19 aftur en þó þurfti sem betur fer aldrei að loka alveg og náðist því að æfa alveg fram yfir Íslandsmótin sem voru í byrjun september. Engin landsliðsverkefni voru þetta sumarið vegna Covid-19 faraldursins en venjulega eru þrjú verkefni fyrir unglingslandslíðsfólk á sumrin.

Áttunda árið í röð var boðið uppá sumarnámskeið í badminton í Strandgötunni og í fyrsta skipti var boðið uppá námskeið allan daginn í samvinnu við borðtennisdeildina okkar. Um var að ræða sjö viku námskeið, 3 klst á dag fyrir hádegi og 3 klst eftir hádegi en boðið var uppá léttan málsverð í hádeginu og gæslu. Skipt var í hópa eftir getu og skiptust vanir og óvanir á að vera fyrir og eftir hádegi í bæði borðtennis og badminton. Yfirþjálfarar á námskeiðunum voru Una Hrund Örvar badmintonþjálfari og Tómas Ingi Shelton borðtennisþjálfari. Þeim til aðstoðar voru þau Anna Lilja, Steinþór Emil, Jón Sverrir, Stefán Steinar, Arnar Svanur, Guðbjörg og Jón Víðir. Um hádegisverðinn sáu þau Böðvar, Tóta og Otta. Námskeiðin voru vel sótt en í heild voru 200 börn skráð. Skráðir iðkendur á vorönn fengu eitt frítt sumarnámskeið til að bæta upp fyrir tapaða tíma í samkomubanninu sem margir nýttu sér.



Allir þátttakendur á sumarnámskeiðunum fengu viðurkenningarskjal með mynd af sér.

Æfingahópar

Vetrartímabilið hófst 31.ágúst og fór vel af stað. Iðkendum var skipt upp í 4 hópa barna- og unglinga (einum fleiri en í fyrra), 3 keppnishópa og 2 hópa fullorðinna. Tveir eða fleiri þjálfarar voru á öllum æfingum barna- og unglinga. Yfirumsjón með keppnishópum hafði Kjartan Ágúst en Sigurður Eðvarð hélt utan um trimmhópana. Þá hafði Anna Lilja umsjón með öðrum hópum.

Allar æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu eins og undanfarin ár en þriðja veturinn í röð var BH með alla æfingatíma í húsinu og í fyrsta sinn með yfirumsjón með allri dagskrá hússins. Þrisvar í viku hófust æfingar klukkan 15 á daginn og var það fjölgun um tvo daga milli ára. Tímarnir snemma á daginn eru nýttir fyrir yngstu iðkendurna sem koma beint úr frístundaheimilum bæjarins með Frístundabílnum. Hafnarfjarðarbær býður foreldrum þjónustu Frístundabílsins frítt sem kemur sér vel fyrir marga og minnkar skutl til muna.

Íslandsmótin í september

Venjulega fara Íslandsmótin í badminton fram á vorin en vegna samkomubannsins í vor var þeim frestað fram í september.

Meistaramót Íslands fór fram í Strandgötunni 11.-13.september. BSÍ og BH sáu um framkvæmd mótsins í sameiningu sem tókst einstaklega vel og var umgjörðin glæsileg. Húsinu var skipt upp í hólf svo að áhorfendur gætu komið og fylgst með en einnig var boðið uppá beina útsendingu á Youtube. Als tóku 35 BH-ingar þátt í mótinu og stóðu sig frábærlega. BH átti fulltrúa í 9 af 12 úrslitaleikjum í A, B og öldungaflokkum, 3 af 5 leikjum í meistaraflokki og unnu 12 Íslandsmeistararitla. Í fyrsta sinn í sögunni átti BH keppanda í úrslitum í einliðaleik í meistaraflokki karla en það var Róbert Ingi Huldarsson sem náði þeim frábæra árangri.



Hluti af verðlaunahöfum BH á Meistaramóti Íslands í badminton 2020.

Íslandsmót unglunga fór fram í Mosfellsbæ helgina 25.-27.september. Mótið var leikið án áhorfenda og var grímuskilda utan valla, alveg nýr veruleiki fyrir okkar fólk sem stóð sig þó með þrýði bæði keppendur og þjálfarar. Sextán BH-ingar unnu til 26 verðlauna á mótinu, þar af níu Íslandsmeistararitla. Þær Halla Stella Sveinbjörnsdóttir og Una Hrund Örvar náðu þeim frábæra árangri að sigra þrefalt í sínum flokkum, Halla í U13 og Una í U19.



Halla Stella og Una Hrund voru þrefaldir meistarar á Íslandsmóti unglunga 2020.

Hleðslubikarmeistarar

Bikarmeistarar í badminton eru krýndir þeir sem eru efstir á styrkleikalista BSÍ í lok keppnistímabilsins á vorin. Keppnistímabilið 2019-2020 dróst heldur betur á langinn vegna Covid19 og því var ekki ljóst fyrr en í október hverjir yrðu Hleðslubikarmeistarar þetta árið.

Sjö BH-ingar tryggðu sér Hleðslubikarmeistaratitil fyrir veturinn 2019-2020: Erla Björg Hafsteinsdóttir, Raket Rut Kristjánsdóttir, Steinþór Emil Svavarsson, Guðmundur Adam Gígja, Natalía Ósk Óðinsdóttir, Jón Sverrir Árnason og Sara Bergdís Albertsdóttir. Natalía Ósk náði þeim frábæra árangri að verða þrefaldur bikarmeistari, í einliða-, tvíliða- og tvenndarleik í B flokki.

Samkomubönn héldu áfram

Þann 7.október hófust samkomubönn á ný og fór þá af stað mikil vinna við að skipuleggja fjaræfingar og áskoranir til iðkenda. Gott var að byggja á reynslunni frá því síðasta vor en ljóst að það þyrfti þó að finna uppá einhverju nýju líka enda allir komnir með hundleið á ástandinu.

Líkt og í samkomubanninu vorið 2020 var boðið uppá fjaræfingar á zoom. Til að auka fjölbreytnina og koma til móts við þau sem ekki voru að finna sig í zoom æfingum var einnig boðið uppá skemmtilega áskorun fyrir alla aldurshópa þar sem fara þurfti ákveðið marga kílómetra gangandi hlaupandi eða hjólandi og gera styrktaræfingar til að eiga möguleika á flottum verðlaunum. Þátttaka var góð bæði meðal iðkenda og foreldra og hjálpaði þetta til við að halda fólki við efnið í

hreyfingu. Fjölmargir velunnarar gáfu verðlaun meðal annars Hótel Örk og Ormsson sem gerði þetta enn meira hvetjandi.

Í nóvember var brugðið á það ráð að bjóða uppá hvatningarsímtöl til iðkenda. Hringt var í alla iðkendur í keppnishópum og foreldrum annarra iðkenda boðið að óska eftir símtali fyrir sín börn. Þjálfararnir okkar gerðu þetta mjög vel, hringdu einu sinni til tvisvar í hvern til að heyra í þeim hljóðið, kanna hvernig gengi og koma með góð ráð. Það var mjög mikil ánægja með þetta framtak sem virkaði vel.

Þá var einnig boðið uppá rafrænt bingó og spurningakeppni í nóvember og jóladagatal með áskorunum í desember. Badminton sambandið var auk þess með nokkra áhugaverða fyrirlestra um næringu, meiðslafyrirbyggjandi æfingar og sálfræði í nóvember og desember sem okkar fólk var duglegt að nýta sér.

Hefja mátti æfingar grunnskólabarna aftur 18.nóvember og svo bættist afreksfólkið við 10.desember. Aðrir fullorðnir máttu síðan hefja æfingar 13.janúar. Þar með var samkomubönum því miður ekki alveg lokið þetta tímabilið því aftur var skellt í lás 25.mars en sú lokun mun þó vonandi ekki standa lengur en til 15.apríl miðað við síðustu fregnir.

Þjálfarar og iðkendur hafa staðið sig einstaklega vel á þessum skrýtnu samkomubannstímum og reynt að gera það besta í stöðunni. Mikið verða samt allir fegnir þegar þessu er lokið.



Fullur salur af hressum krökkum, ánægð með að komast aftur á æfingar.

Þjálfarar

Hjá félaginu störfuðu ellefu þjálfarar á tímabilinu en þau voru Anna Lilja Sigurðardóttir, Elín Ósk Traustadóttir, Erla Björg Hafsteinsdóttir, Frímann Ari Ferdinandsson, Garðar Hrafn Benediktsson, Gerda Voitechovskaja, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Kjartan Ágúst Valsson, Kristján Kristjánsson,

Sigurður Eðvarð Ólafsson og Una Hrund Örvar. Þá voru þau Gabríel Ingi Helgason, Jón Sverrir Árnason, Raket Rut Kristjánsdóttir, Stefán Steinar Guðlaugsson og Steinþór Emil Svavarsson aðstoðarþjálfarar á æfingum yngstu iðkendanna.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi menntaðir badmintonþjálfarar. Flest allir þjálfarar hafa lokið fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ og/eða ÍSÍ eða alþjóðlegum þjálfaranámskeiðum og margir eru auk þess með frekari badmintonmenntun og jafnvel víðtæka íþróttfræðimenntun. Við erum mjög stolt af þjálfurunum okkar og þakklát fyrir að hafa svona öflugan hóp innan félagsins.

Spaðagjafir

Spaðagjafir til nemenda í 3.bekk hefur verið helst kynningarleið félagsins um árabíl og byrjar stór hluti iðkenda sinn badmintonferil eftir slíka kynningu. Ekki var hægt að fara í slíkar kynningar í vetur þar sem utan að komandi aðilar eru bannaðir í skólahúsnæðum á farsóttartímum en einnig vegna þess að skólastjórnendur eru tregari til að leyfa slíkt. Vonum að það birti til í þessum málum á nýjum vetri.

Mótahald

Á þessu tímabili voru þrjú BH badmintonmót á dagskránni í Strandgötunni; Meistaramót BH og RSL, Bikarmót BH og Snillingamót BH. Meistaramótið fór fram í febrúar, venjulega fer það fram í nóvember ár hvert en í vetur þurfti að fresta því um þrjú mánuði vegna Covid19 heimsfaraldursins. Bikarmót BH og Snillingamót BH féllu niður vorið 2020 en stefnt er að því að halda þau í maí 2021 ef aðstæður leyfa.

Meistaramóti BH og RSL fór fram í Strandgötunni 12.-14.febrúar. Als tóku 84 keppendur þátt í mótinu 9 færri en í fyrra. Öllu var tjaldað til í tilefni mótsins, keppnismottur lagðar á gólfíð, stigin sýnd á stórum Samsung skjám við hvern völl og boðið uppá streymi á Youtube sem var sérstaklega kærkomið vegna áhorfendabanns á íþróttakeppnum á þessum tíma. Það var Róbert Ingi Huldarsson sem hafði veg og vanda að útsendingunni og stigatalningakerfinu. Kerfið smíðaði hann sjálfur ásamt félaganum sínum en með því var hægt að sýna stöðuna í hverjum leik á skjá í húsinu en einnig var hægt að fylgjast með stöðunni á vefnum og varpa henni á beina útsendingu frá hverjum leik á Youtube. Um er að ræða þjónustu sem líklega aldrei áður hefur verið veitt á badmintonmóti á Íslandi áður fyrir utan úrslitaleiki frá Íslandsmótinu og þökkum við Róberti kærlega fyrir einstakt framlag við að skapa glæsilega umgjörð á mótinu.



Á Youtube rás BH var hægt að fylgjast með keppninni í beinni útsendingu og sjá stöðuna í öllum leikjum.

Það er hefð fyrir því á Meistaramóti BH að veita óhefðbundin verðlaun þ.e. ekki verðlaunapeninga eða bikara. Í ár var engin undantekning og líklega hefur verðlaunaborðið aldrei verið eins glæsilegt og nú. Á meðal verðlauna voru spaðar, fatnaður og fylgihlutir frá RSL, gisting og þriggja rétta kvöldverður á Hótel Örk, pizzasteinar frá Fígaró náttúrusteinum, gjafabréf í Flyover Iceland og Skautahöllina í Laugardal, hárvörur frá Joico, svalandi drykkir frá SlowCow, gisting á Hótel Selfoss, Timberland stuttermabolur, snyrtivörur frá ChitoCare beauty, út að borða á veitingahúsið Krydd í Hafnarfirði og Grillhúsið, nuddboltar frá Dekra og gjafabréf í viðtals tíma hjá Afrek íþróttasálfræðiþjónustu. Við þökkum okkar frábæru samstarfsaðilum fyrir þessi glæsilegu verðlaun sem sigurvegarar mótsins voru himinlifandi með.

Í meistaraflokki voru þau Sigríður og Daníel úr TBR sigursælust en þau sigruðu bæði tvöfalt, saman í tvenndarleik og auk þess Daníel í einliðaleik og Sigríður í tvíliðaleik með Þórunni Eylands. Í tvíliðaleik karla sigruðu Kristófer Darri og Davíð Bjarni úr TBR. Í einliðaleik kvenna sigraði BH-ingurinn Gerda Voitechovskaja en hún var einnig í öðru sæti í tvíliðaleik með Sólrúnu Önnu úr BH. Una Hrund úr BH var í öðru sæti í tvenndarleik með Kristófer Darra úr TBR. BH átti 9 af þeim 36 keppendum sem tóku þátt í meistaraflokki og hafa aldrei verið fleiri í sögunni.

BH-ingar voru sigursælir og fjölmennir í A-flokknum, unnu 10 af þeim 16 verðlaunum sem í boði voru. Natalía Ósk sigraði í einliðaleik kvenna en Margrét Dís úr UMFA var í öðru sæti. Í einliðaleik karla sigraði Eiríkur Tumi og í öðru sæti var Jón Sigurðsson en þeir eru báðir í TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Anna Lilja og Elín Ósk úr BH en í öðru sæti voru Brynja Kolbrún og María Rún frá ÍA. Í tvíliðaleik karla var hreinn BH úrslitaleikur þar sem Orri Örn og Valgeir Magnússon sigruðu Kristian Óskar og Gabríel Inga. Í tvenndarleik sigruðu BH-ingarnir Anna Lilja og Borgar Ævar en í öðru sæti voru María Rún, ÍA, og Kristian Óskar, BH.

Í B-flokki voru BH-ingar einnig sigursælir, unnu 12 af þeim 16 verðlaunum sem í boði voru. Halla Stella náði þeim frábæra árangri að sigra þrefalt í B-flokknum. Í tvíliðaleik spilaði hún með Lilju Berglindi úr BH og með Mána Berg úr ÍA í tvenndarleik. Í öðru sæti í einliðaleik kvenna í B-flokki á eftir Höllu Stellu var Sara Bergdís úr BH. Í öðru sæti í tvíliðaleik kvenna voru BH-ingarnir Erla Rós og Sigríður Theódóra. Stefán Steinar úr BH sigraði í einliðaleik karla og Ari Þórðarson úr KA var í öðru sæti. Í tvíliðaleik karla sigruðu Haukur og Gunnar Örn úr TBR en í öðru sæti voru Stefán Steinar og Emil Lorange úr BH. Stefán Steinar var einnig í öðru sæti í tvenndarleik með Margréti Hu úr Hamri í Hveragerði.

Margir tugir BH-inga komu að framkvæmd mótsins með ýmsum hætti þessa helgina og þökkum við öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir hjálpinu.



Þetta duglega fólk sá um að ganga frá að móti loknu og stóðu mörg vaktina alla helgina líka við ýmis störf.

Framkvæmdir

Farið var í töluverðar framkvæmdir í Strandgötunni á síðasta tímabili á vegum Hafnarfjarðarbæjar en jafnframt með heilmiklu vinnuframlagi frá iðkendum og starfsmönnum BH. Þá var borðtennis og samkomusalurinn í Álfafelli tekin í gegn ásamt því að ljósin í stóra salnum voru endurnýjuð. Á þessu tímabili var það þreksalurinn í kjallaranum og stóra anddyrið sem fengu upplýftingu.

Í febrúar buðu nokkrir félagar sig fram í málningarvinnu í kjallara og anddyri Íþróttahússins við Strandgötu. Þessir nokkrir fengu nokkra aðra í lið með sér og úr varð 24 manna hópur sem vann harðri hendi frá 9 til 19 einn góðan föstudag og skiluð frábæru verki. Hafnarfjarðarbær lagði til efni og skipti auk þess um loftljós þannig að nú er allt annað að sjá rýmið.

Uppfærsla á þreksalnum hefur staðið yfir í nokkuð langan tíma. Þar voru mjög gömul tæki sem sum hver voru orðin hættuleg og því þurfti nánast að skipta öllu út. Mjög margir hafa lagt hönd á plóg við það verkefni eins og t.d. að mála, leggja gólfdukk, bera þung tæki, skrúfa sundur og saman tæki, leita að nýjum tækjum o.fl. o.fl. Sá sem var mesta driffjöðurin í því verkefni var að öðrum ólöstuðum

Sigurður Ólafsson. Það var því ákveðið að nefna þreksalinn í höfuðið á honum og fékk salurinn nafnið "Siggi's cave" sunnudaginn 7.febrúar.



Siggi fyrir framan þreksalinn sem er alltaf að verða flottari og flottari.

Fjölskyldutímar

Það hefur verið hefð fyrir því undanfarin ár að bjóða uppá fjölskyldutíma um helgar þar sem iðkendur geta komið með fjölskylduna með sér og spilað badminton. Þjálfari er á staðnum og aðstoðar þá sem vilja, skiptir inn á velli ef margir mæta og lánað spaða og kúlur. Einnig hafa yngstu iðkendurnir í U9 hópnum okkar æft með foreldrum sínum um helgar. Vegna kórónuveirufaraldursins hefur ekki verið hægt að bjóða uppá þessa skemmtilegu tíma í vetur. Okkur hefur þótt þetta mikilvægur hluti af starfinu, bæði til að foreldrar kynnist íþrótt barnanna sinna og til að hjálpa til við að búa til skemmtilegar samverustundir en einnig til að hafa möguleika á aukaæfingum. Stefnum því klárlega að því að hefja þetta aftur næsta haust eða þegar allt kemst í eðlilegt horf eftir Covid19.

Stjórnir og nefndir

Í stjórn badmintondeildar BH voru kosin á aðalfundinum þann 28.maí 2020 þau Hörður Þorsteinsson, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Auður Kristín Árnadóttir, Kristján Kristjánsson, Frímenn Ari Ferdinandsson, Erla Björg Hafsteinsdóttir og Freyr Víkingur Einarsson. Ný í stjórn voru kosin þau Auður Kristín og Freyr Víkingur í stað Sebastians Vignissonar og Önnu Lilju Sigurðardóttur. Sebastian fluttist erlendis og gat því ekki starfað áfram og þar sem Anna Lilja tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins í byrjun árs gat hún ekki gefið kost á sér.

BH-ingar hafa verið virkir í starfi Badmintonsambandsins um margra ára skeið. Kristján Daníelsson, sem sat í stjórn BH um árabíl, er formaður Badmintonsambandsins og Kristinn Ingi Guðjónsson sem var lengi fulltrúi ungra í stjórn BH er í varastjórn sambandsins. Irena Ásdís Óskarsdóttir, gjaldkeri BH, og Anna Lilja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri BH, eru í Fræðslu- og útbreiðslunefnd BSÍ og Frímenn Ari Ferdinandsson, ritari BH, í Afreks- og landsliðsnefnd BSÍ. Þá eru endurskoðendur BSÍ einnig BH-ingar en það eru þau Hörður Þorsteinsson og Helena Guðrún Óskarsdóttir. Yfirþjálfari keppnishópa BH, Kjartan Ágúst Valsson, er framkvæmdastjóri BSÍ.

Hörður Þorsteinsson hefur setið í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar um árabíl og er nú varaformaður bandalagsins. Á síðasta aðalfundi var hann kosinn formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar í 30.sinn.



Aðalfundur BH í Álfafellinu í lok maí 2020.

Landsliðsfólk

Helgi Jóhannesson tók við starfi landsliðsþjálfara í ágúst 2020. Hann valdi 14 BH-inga í landsliðshópnum en náði því miður lítið að hitta þá vegna samkomutakmarkanna. Þá féllu öll landsliðsverkefni niður af sömu ástæðu.

Eftirfarandi BH-ingar voru í landsliðshópnum BSÍ þetta tímabilið:

- Erik Valur Kjartansson, landsliðshópur U11-U15
- Gabríel Ingi Helgason, afrekshópur og landsliðshópur U17-U19
- Guðmundur Adam Gígja, úrvalshópur U15-U19 og landsliðshópur U17-U19
- Halla Stella Sveinbjörnsdóttir, úrvalshópur U15-U19 og landsliðshópur U11-U15
- Jón Sverrir Árnason, landsliðshópur U17-U19
- Katla Sól Arnarsdóttir, landsliðshópur U11-U15
- Kristian Óskar Sveinbjörnsson, úrvalshópur U15-U19 og landsliðshópur U17-U19
- Natalía Ósk Óðinsdóttir, landsliðshópur U17-U19
- Rakel Rut Kristjánsdóttir, afrekshópur og landsliðshópur U17-U19
- Rúnar Gauti Kristjánsson, landsliðshópur U11-U15
- Sólrún Anna Ingvarsdóttir, afrekshópur

- Stefán Steinar Guðlaugsson, landsliðshópur U17-U19
- Steinþór Emil Svavarsson, úrvalshópur U15-U19 og landsliðshópur U17-U19
- Una Hrund Örvar, afrekshópur

Íþróttta- og viðurkenningahátíð Hafnarfjarðar

Íþróttta- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar 2020 var rafræn eins og svo margt annað þessi misserin. BH átti þrjá fulltrúa sem tilnefndir voru sem íþróttafólk ársins í Hafnarfirði á hátíðinni. Badmintonkonan Erla Björg Hafsteinsdóttir og borðtenniskonan Sól Kristínardóttir Mixa voru tilnefndar sem íþróttakonur Hafnarfjarðar og badmintonmaðurinn Róbert Ingi Huldarsson sem íþróttakarlfar Hafnarfjarðar. Ekkert þeirra hlaut nafnbótina að þessu sinni en engu að síður frábært hjá þeim að vera í hópi bestu íþróttamanna Hafnarfjarðar.



Glæsilegt afrekshópur, Erla Björg, Róbert Ingi og Sól.

BH með flest lið á Deildakeppni BSÍ

Deildakeppni BSÍ, Íslandsmót fullorðinsliða í badminton, fór fram í TBR húsunum 26.-28.febrúar. BH átti fimm lið á mótinu, flest allra félaga. Eitt lið í meistaradeild, tvö í A deild og tvö í B deild.

Lið BH, ÍA og Hamars sem tók þátt í B-deild sigraði mótið og urðu því Íslandsmeistarar liða í B-deild. Í liðinu voru þau Emil, Freyr, Fúsi, Lilja, Sara og Stefán frá BH, Máni Berg frá ÍA og Margrét frá Hamri. Í A deildinni varð lið BH/ÍA í 2.sæti en í liðinu voru Askur Máni, Guðmundur Adam, Halla Stella, Jón Sverrir, Kristian Óskar, Natalía Ósk og Steinþór Emil frá BH og María Rún frá ÍA. Í meistaradeild varð lið BH í öðru sæti eftir harða baráttu við lið TBR. Í liði BH voru Davíð Phuong, Erla Björg, Gabríel Ingi, Gerda, Margrét, Rakel Rut, Róbert Ingi, Sigurður Eðvarð, Sólrún Anna og Una Hrund.



Íslandsmeistarar liða í B-deild 2021.

Stefnumótun

Undanfarna mánuði hefur stjórn unnið að því að útbúa og uppfæra stefnur félagsins í ýmsum málaflokkum. Allar stefnurnar er nú hægt að finna á vef félagsins badmintonfelag.is undir flípanum „Um félagið“ og „Lög og stefnur“. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér þessar stefnur og um að gera að koma með um lagfæringar eða viðbætur ef þurfa þykir.

Reksturinn

Rekstur Badmintonfélags Hafnarfjarðar gengur ágætlega og er þar mest að þakka góðum stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ og miklu sjálfbóðaliða starfi sem unnið er í félaginu. Þá er stuðningur RSL á Íslandi, Rio Tinto og Íslenskra getrauna/Lottó einnig mjög mikilvægur fyrir félagið.

Rekstur Íþróttahússins við Strandgötu hefur verið í höndum BH frá áramótum 2020. Eins og sjá má í ársreikningi félagsins hefur rekstur Íþróttahússins ekki haft íþyngjandi áhrif á afkomuna og fer vel af stað. Það er þó ljóst að þetta fyrsta ár var mjög óhefðbundið og mikilvægt að halda vel á spöðunum til að allt gangi áfram vel.

Að lokum

Þó tímabilið hafi verið bæði erfitt og sérstakt að mörgu leiti var það lærdómsríkt og gaf tækifæri á að huga betur að hlaupa og styrktarþjálfun og ýmiskonar fræðslu. Takk fyrir þátttökuna, jákvæðina, dugnaðinn, kraftinn og stuðninginn kæru félagar, við erum öll BH.

Viðburðir borðtennisársins 2020-2021


Borðtennisdeild BH hefur ekki farið varhluta af Covid á síðasta ári frekar en umheimurinn allur. Það hefur hins vegar ekki komið í veg fyrir öflugt starf hjá deildinni sem hefur gert sitt allra besta innan ramma skynsamlegra sóttvarna. Hefur starfið litast nokkuð af því að æfingar hafa verið skrikkjóttar vegna æfingatakmarkanna og fá mót haldin í öllum flokkum. Þá hefur landsliðsfólk okkar ekki getað keppt erlendis og landsliðsæfingar stopular. Vegna framangreinds hafa nýjar leiðir verið farnar í starfi deildarinnar.



Vegna hlés á æfingum frá mars vegna samkomutakmarkana notuðu MFL leikmennirnir Tómas, Jóhannes Bjarki og Pétur Marteinn tímann til að dreifa borðtennisboðskapnum í hlaðvarpsþáttunum Þöngkastið þar sem rætt er vítt og breitt um borðtennis bæði hér heima og erlendis.



Í byrjun maí var hægt að hefja æfingar að nýju en þá stóðu endurbætur á Álfafellinu enn yfir. Voru æfingar því haldnar í stóra salnum meðan haldið var áfram að þuða í framkvæmdum uppi.





Stund milli stríða hjá þreyttum verkamönnum í Álfafellinu. Kemur sér vel að Brikk er í næsta nágrenni

Í maí áskotnaðist deildinni völdugir skápar sem prýða nú holið fyrir framan Álfafellið. Yngri iðkendur horfa löngunaraugum til skápanna og er það nú orðið ákveðið stöðutákn að vera með merktan skáp hjá Borðtennisdeildinni.

Þann 4. júní hélt deildin grillveislu fyrir iðkendur og foreldra. Veturinn kvaddur með pompi og prakt.

Örlíttill gluggi myndaðist í júní til mótahalds og notaði félagið tækifærið og hélt „Litla trimmmót BH“. Eftir því sem árin hafa liðið hefur fjölgað mikið í hóp eldri spilara og er nú kominn þar sterkur kjarni sem er deildinni mjög mikilvægur auk þess sem leikmenn þar eru öflugir bæði í deildarkeppni og öðrum mótum. Mikil reynsla þar sem hefur hjálpað deildinni að skipuleggja og setja upp viðburði.



Sumarið 2020 opnaðist gluggi til æfinga og var borðtennisdeildin með 7 vikna námskeið í borðtennis á tímabilinu 15. júní til 14. ágúst í samstarfi við badmintondeildina sem var með badmintonnámskeið á sama tíma. Yfirþjálfari deildarinnar Tómas Ingi Shelton stóð vaktina á námskeiðinu og hófu margir iðkendur æfingar í borðtennis í kjölfar námskeiðsins. Börn og unglingar sem voru skráð í badminton eða borðtennis hjá BH á vorönn 2020 fengu eina fría viku allan daginn eða tvær vikur hálfan daginn vegna æfingahlés sem gert var í samkomubanninu. Því miður féll keppni á Evrópumóti unglunga sem og Norður Evrópumóti unglunga niður þetta árið en yngri leikmenn BH hefðu verið þar meðal þátttakenda.

Í júlí og ágúst samhlíða borðtennisnámskeiðinu var BH bikarinn haldinn þar sem sterkustu leikmenn landsins öttu kappi og voru viðureignir teknar upp og settar á Youtube. Að þessu sinni vegna sóttvarnartakmarkanna fór ein viðureign fram í einu og síðan streymt á Youtube. Frá lokum mars til ágúst var þetta eina mótið sem haldið var á Íslandi í borðtennis.



Keppendur kvk:

Agnes Brynjarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Alexía Kristínardóttir Mixa
Harriet Cardew
Kristín I. Magnúsdóttir
Sól Kristínardóttir Mixa
Stella Karen Kristjánsdóttir
Þóra Þórisdóttir

Keppendur kk:

Birgir Ívarsson
Daði F. Guðmundsson
Davið Jónsson
Ingi Darvis Rodriguez
Jóhannes B. Urbancic
Magnús J. Hjartarson
Magnús G. Úlfarsson
Skúli Gunnarsson

Í lok ágúst 2020 var smiðshöggvið rekið í æfingarsalnum okkar Álfafelli sem Anna Lilja hefur stýrt með mikilli röggsemi. Breytingarnar á æfingaraðstöðunni eru hreint út sagt frábærar. Rýmið hefur stækkað og lofthæð er meiri og dúkurinn alvöru Gerflor dúkur sem er grundvallaratriði til að kenna réttan fótaborð. Eru það engar ýkjur að þótt borðtennisdeildin hafi í dag ekki stærstu aðstöðuna í borðtennis þá er hún sú langbesta á landinu sem gerir okkur kleyft að byggja upp afreksleikmenn.



Frábærar breytingar á Álfafellinu

Í lok ágúst hófust æfingar að nýju í yngri aldurshópum með tilheyrandi sóttvarnarráðstöfunum vegna Covid faraldursins. Þegar síðasta ársskýrsla var skrifuð átti eftir að halda Íslandsmót unglunga 2020 og stóðu vonir til þess að það yrði haldið að hausti. Því miður opnaðist ekki gluggi til að halda mótið og var mótahald fábrotið fram að áramótum, engin keppni í yngri flokkum og aðeins keppt í 1. og 2. deild í liðakeppni og Bikarmótið féll niður.

Af einhverjum ástæðum sem við höfum ekki skýringar á og þrátt fyrir fábrotið mótahald á varð sprenging í fjölgun iðkenda bæði í yngri aldurshópum og trimmhóp á þessum vetri sem við erum þakklát fyrir. Vegna þessa varð fjölgun í þjálfarahópnum og bættist Birgir Ívarsson meistaraflokksleikmaður og landsliðsmaður í þjálfarateymið í mars sl. Deildin þarf hins vegar að bæta sig hvað varðar fjölda stúlkna í yngri flokkum.

Í lok september fór fram úrslitakeppnin í liðakeppni í efstu deild karla og kvenna. Lék BH til úrslita í báðum flokkum gegn Víkingum og er þetta í fyrsta sinn sem kvennalið frá BH leikur til úrslita. Þrátt fyrir hetjulega baráttu tók Víkingur titlana á síðasta ári. Þegar þetta er skrifað hefur A lið BH í karlaflokki unnið alla leiki sína í 1. deild og A lið BH í kvennaflokki er í 2. sæti. Vonandi verður sem fyrst hægt að klára úrslitakeppnina í liðakeppninni 2021.



Æfingar héldu áfram fram að áramótum með hléum. Meðan æfingar lágu niðri voru iðkendur í heimaæfingum, horfðu á allar stærstu borðtenniskvikmyndir sögunnar og stunduðu Pokémon GO göngur en það æði spratt upp í deildinni síðastliðinn vetur.



Atvinnumenn borðtennisdeildar BH í Pokémon Go og ein stærsta kvikmynd borðtennissögunnar

Yfirþjálfari okkar Tómas Ingi Shelton notaði einnig tækifærið og útbjó „mini“ borðtennisborð til þess að yngstu iðkendur okkar læri rétta tækni



Þórdísi líkar minna borðið vel

Eftir áramót var hægt að gefa aftur í í æfingum þar sem hlé urðu skammvinnari frá æfingum. Fyrsta aldursflokkamót ársins hélt BH laugardaginn 30. janúar þar sem leikmenn okkar stóðu sig frábærlega og sópuðu til sín titlum mótsins.



Loksins loksins! Aldursflokkamót í lok janúar 2021

Krakkarnir okkar stóðu þau sig ekki síður vel á öðru aldursflokkamótinu sem haldið var í TBR Húsinu þann 21. febrúar þar sem blái liturinn var áberandi á verðlaunapalli. Félagið okkar er ríkt af hæfileikum og erum við verulega stolt af yngri iðkendum okkar sem hafa brennandi áhuga fyrir íþróttinni og einbeittan vilja til að bæta sig. Eru iðkendum okkar frá Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Keflavík og Grindavík. Er það von okkar að Covid ástandinu fari að ljúka svo við getum veitt þeim þær æfingar og keppni sem er þeim nauðsynleg til að viðhalda áhuganum og keppnisskapinu.



Armbandapróf og kvöldvökur hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar. Um miðjan febrúar var loksins hægt að halda armbandapróf og kvöldvöku þar sem mörg gul, græn, blá rauð og meira að segja tvö bleik (þriðja efsta stigið) voru veitt. Landsliðsfólkið Magnús Gauti, Darvis, Pétur Gunnars og Harriet voru prófdómarar og endaði kvöldið að sjálfsgöðu með hinu landsfræga einvígi.



Frábært kvöld hjá BH.

Eftir áramót fékk deildin 300.000 króna styrk úr Íþróttasjóði til að kynna borðtennis fyrir börnum innflytjenda í Hafnarfirði. 20 spaðar með keppnisgúmmíum eru komnar til landsins og bíðum við nú færiss á að hefja verkefnið þegar gluggi opnar að nýju til æfinga.

Helgina 7.-8. mars fór fram Íslandsmótið í borðtennis í einstaklingskeppni. Var mótið fullkominn stormur fyrir félagið okkar. Hlaut BH þrjá Íslandsmeistarartitla þetta árið og þar af tvo í efsta flokki auk þess að fá fullt af öðrum verðlaunum. Þeir Birgir og Magnús Gauti unnu sannfærandi þriðja árið í röð Íslandsmeistaratitilinn í tvíliðaleik karla. Magnús Gauti endurheimti Íslandsmeistaratitilinn í MFL karla eftir einn mest spennandi úrslitaleik í manna minnum og Sandra Dís vann Íslandsmeistaratitilinn í 2. flokki kvenna örugglega. Sól sló út Íslandsmeistara síðasta árs Agnesi í undanúrslitum og gaf allt í úrslitaleikinn við Nevenu. Harriet og Sól áttu hörkuúrslitaleik við Nevenu og Agnesi í úrslitum þar sem það sama var uppi á teningnum. Birgir spilaði tvíliðaleikinn óaðfínanlega og vantaði aðeins herslumuninn að hann myndi slá út Íslandsmeistara síðasta árs Darvis í undanúrslitum í einliðaleik. Jón gerði sér lítið fyrir og vann sér miklu stigahærri menn á styrkeikalista á leið sinni í úrslitaleik í 2. flokki karla þar sem hann barðist eins og ljón. Á fyrri degi voru yngri leikmenn okkar félagi sínu til sóma hvort heldur var í keppni í 1. og 2. flokki, að hvetja liðsfélaga sína í öllum flokkum eða í dómgæslu á mótinu.



Fullkominn stormur fyrir BH á Íslandsmóti fullorðinna 2021

Fyrirhugað var að hafa Íslandsmót unglunga í TBR húsinu helgina 27. til 28. mars. Þar sem öllu hefur aftur verið skellt í lás vegna Covid faraldursins hefur því verið frestað en stefnt er að því að það verði haldið jafnskjótt og aðstæður skýrast en ný dagsetning hefur verið sett á mótið helgina 8. til 9. maí nk.

Lokaorð

Liðið ár hefur verið óvenjulegt svo ekki verði meira sagt og ársskýrslan því fátæklegri en undanfarin ár enda keppnishald legið niðri og æfingar verið stopular. Þrátt fyrir það hefur það ekki komið í veg fyrir að deildin hefur stækkað og höldum við ótrauð áfram í heimaæfingum og fjallaferðum þar til að æfingar geta hafist að nýju. Þökkum við öllu því góða fólki sem komið hefur að starfi félagsins síðastliðinn vetur og hlakkar okkur til að halda ótrauð áfram í ný ævintýri.

Kær kveðja,
Ingimar Ingimarsson,
Formaður Borðtennisdeildar BH.

Viðburðir tennisársins 2020-2021

Stuttu eftir aðalfund BH 2020 var Tennisfélag Hafnarfjarðar stofnað og Tennisdeild BH þar með lögð niður. Á aðalfundinum 2020 var samþykkt að allar eigur Tennisdeildar BH myndu renna til hins nýja félags þó að í lögum félagsins væri kveðið á um að þær skildu renna til aðalstjórnar. Júlíana Jónsdóttir formaður hins nýja félags þakkaði BH-ingum fyrir frábært samstarf undanfarin 20 ár.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Íþróttahúsinu við Strandgötu
Hafnarfirði

Ársreikningur fyrir
starfsárið 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6-8

Áritun stjórnar

Stjórn Badmintonfélags Hafnarfjarðar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir starfsárið 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2020 með undirritun sinni.

Hafnarfirði 7. apríl 2021



Hörður Þorsteinsson
formaður



Irena Ásdís Óskarsdóttir
Gjaldkeri



Anna Lilja Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri

Áritun skoðunarmanna

Til félaga í Badmintonfélagi Hafnarfjarðar


Við höfum endurskoðað ársreikning Badmintonfélag Hafnarfjarðar fyrir starfsárið 1. janúar til og með 31. desember 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir nr. 1-12.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn glögga mynd af starfsemi félagsins á starfsárinu og efnahag þess 31. desember 2020 í samræmi við lög, samþykktir og viðurkenndar reikningskilavenjur.

Hafnarfirði 7. apríl 2021



Andri Stefánsson
kjörinn skoðunarmaður



Sveinbjörn Grétarsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2020

<i>Rekstrartekjur</i>		Árið 2020	Árið 2019	Fjárhagsáætlun 2020	Fjárhagsáætlun 2021
	Allar deildir				
	Skýr.				
Framlög og styrkir.....	1	86.988.805	31.024.861	80.597.000	90.076.000
Tekjur af mótum.....	2	833.300	2.171.468	1.500.000	1.000.000
Æfingagjöld.....	3	8.355.927	7.089.755	7.500.000	10.000.000
Rekstrartekjur		<u>96.178.032</u>	<u>40.286.084</u>	<u>89.597.000</u>	<u>101.076.000</u>
 <i>Rekstrargjöld</i>					
Húsaleiga	4	34.052.285	20.418.615	24.000.000	34.000.000
Rekstur Strandgötu	5	39.167.010		43.856.000	45.000.000
Þjálfunarsvið.....	6	11.708.209	12.761.923	13.200.000	14.000.000
Áhöld og boltar.....	7	3.608.781	4.917.179	6.000.000	6.000.000
Fræðsla og kynningar.....	8	725.476	1.168.437	1.200.000	1.000.000
Stjórnunarsvið.....	9	862.387	1.197.224	900.000	1.000.000
Rekstrargjöld		<u>90.124.148</u>	<u>40.463.378</u>	<u>89.156.000</u>	<u>101.000.000</u>
Rekstrarhagnaður/(tap)		<u>6.053.884</u>	<u>(177.294)</u>	<u>441.000</u>	<u>76.000</u>
 <i>Vextir</i>					
Vaxtagjöld.....		(10.750)	0	0	0
Vaxtatekjur.....		4.488	7.319		
		<u>(6.262)</u>	<u>7.319</u>		
Hagnaður/(tap) ársins		<u>6.047.622</u>	<u>(169.975)</u>	<u>441.000</u>	<u>76.000</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir:			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....		958.918	
Handbært fé.....	10	10.976.002	4.896.918
Veltufjármunir		<u>11.934.920</u>	<u>4.896.918</u>
Eignir alls		<u><u>11.934.920</u></u>	<u><u>4.896.918</u></u>
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	11	10.276.764	4.229.142
Eigið fé		<u>10.276.764</u>	<u>4.229.142</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	12	1.658.156	667.776
Skammtímaskuldir		<u>1.658.156</u>	<u>667.776</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>11.934.920</u></u>	<u><u>4.896.918</u></u>

Sundurlíðanir

	Árið 2020	Árið 2019	Fjárhagsáætlun 2020	Fjárhagsáætlun 2021
1. Framlög og styrkir				
Hafnarfj. rekstrarstyrkur.....	4.599.996	4.014.087	4.500.000	4.813.000
Hafnarfj. rekstur Strandgötu.....	41.297.004		41.297.000	43.263.000
Hafnarfj. reiknuð húsaleiga.....	33.452.000	20.000.000	24.000.000	34.000.000
ÍBH, lottó, Alcan og afr.sj.....	2.893.691	2.829.835	4.200.000	3.000.000
Auglýsinga- og húsal.tekjur.....	4.746.114	4.180.939	6.600.000	5.000.000
Styrkir og framlög	<u>86.988.805</u>	<u>31.024.861</u>	<u>80.597.000</u>	<u>90.076.000</u>
2. Tekjur af mótum ofl.				
Mótatekjur.....	833.300	2.171.468	1.500.000	1.000.000
Mótatekjur ofl.	<u>833.300</u>	<u>2.171.468</u>	<u>1.500.000</u>	<u>1.000.000</u>
3. Æfingagjöld				
Æfingagjöld	4.535.790	4.864.725	5.000.000	6.000.000
Æfingagjöld niðurgreiðslur.....	3.820.137	2.225.030	2.500.000	4.000.000
Æfingagjöld	<u>8.355.927</u>	<u>7.089.755</u>	<u>7.500.000</u>	<u>10.000.000</u>
4. Húsaleiga				
Íþróttahúsið Strandgötu.....	30.106.800	18.000.000	22.000.000	30.600.000
Álfafell.....	3.345.200	2.000.000	2.000.000	3.400.000
Tennishöllin.....	600.285	418.615	0	0
Húsaleiga	<u>34.052.285</u>	<u>20.418.615</u>	<u>24.000.000</u>	<u>34.000.000</u>
5. Rekstur Strandgötu				
Laun- og launtengd gjöld.....	34.651.414		38.064.000	38.000.000
Rafmagn og hiti.....	698.296		1.900.000	2.000.000
Viðhald áhalda.....	1.475.753		1.750.000	2.000.000
Viðhald fasteigna.....	1.049.134		900.000	1.500.000
Ræsting og annar kostnaður.....	1.292.413		1.242.000	1.500.000
Húsaleiga	<u>39.167.010</u>		<u>43.856.000</u>	<u>45.000.000</u>
6. Þjálfunarsvið				
Laun og launatengd gj. þjálf.....	8.307.652	6.843.363	9.600.000	10.000.000
Æfingafærðir, mótakostnaður.....	1.753.857	2.100.510	1.600.000	2.000.000
Mótgjöld.....	1.646.700	3.818.050	2.000.000	2.000.000
Æfingafærðir, mótakostnaður.....				
Þjálfunarsvið	<u>11.708.209</u>	<u>12.761.923</u>	<u>13.200.000</u>	<u>14.000.000</u>

7. Áhöld og boltar

Boltar.....	1.897.020	1.945.627	3.500.000	3.000.000
Spaðar og búnaður.....	149.837	2.163.720	1.000.000	1.000.000
Búningar.....	1.561.924	807.832	1.500.000	2.000.000
Áhöld og boltar	<u>3.608.781</u>	<u>4.917.179</u>	<u>6.000.000</u>	<u>6.000.000</u>

8. Fræðsla og styrkir

Afreksstyrkir/gr. til deilda.....	525.006	405.000	500.000	500.000
Námskeið.....	200.470	386.767	500.000	400.000
Ýmislegt.....		376.670	200.000	100.000
Fræðsla og kynningar	<u>725.476</u>	<u>1.168.437</u>	<u>1.200.000</u>	<u>1.000.000</u>

9. Stjórnunarkostnaður

Uppskeruhátíð og heiðranir.....	552.017	845.388	500.000	600.000
Funda-og salarkostnaður.....	99.286	192.821	200.000	200.000
Auglýsingar ofl.....	67.341	73.036	100.000	100.000
Ritföng, færslugjöld ofl.....	143.743	85.979	100.000	100.000
Stjórnunarkostnaður	<u>862.387</u>	<u>1.197.224</u>	<u>900.000</u>	<u>1.000.000</u>

10. Handbært fé

Badmintond. Ísl.banki 5010.....	7.933.939	2.885.377		
Badminton, Ísl.banki 5015.....	2.077.285	1.202.785		
Tennisdeild, Landsbanki.....	0	265.546		
Borðtennisdeild, Ísl.banki.....	964.778	543.210		
Handbært fé	<u>10.976.002</u>	<u>4.896.918</u>		

11. Óráðstafað eigið fé

Frá fyrra ári.....	4.229.142	4.399.117		
Hagn/(tap ársins).....	6.047.622	(169.975)		
Óráðstafað eigið fé	<u>10.276.764</u>	<u>4.229.142</u>		

12. Skammtímaskuldir

Laun og launatengd gjöld.....	1.658.156	667.776		
Skammtímaskuldir	<u>1.658.156</u>	<u>667.776</u>		

13. Sundurliðun deilda

<i>Tekjur</i>	Badminton	Borðtennis
Framlög og styrkir.....	83.343.605	3.645.200
Tekjur af mótum og húsal.....	636.591	196.709
Æfingagjöld.....	6.668.307	1.687.620
Rekstrartekjur	90.648.503	5.529.529
<i>Gjöld</i>		
Húsaleiga	30.707.085	3.345.200
Rekstur Íþróttahús	39.167.010	
Þjálfunarsvið.....	10.966.895	741.314
Áhöld og boltar.....	2.755.843	852.938
Fræðsla og kynningar.....	588.916	136.560
Stjórnunarsvið.....	836.700	31.949
Rekstrargjöld	85.022.449	5.107.961
Hagnaður/(tap)	5.626.054	421.568
Hagnaður/(tap) deilda samtals	<u>6.047.622</u>	

* Rekstur Íþróttahússins við Strandgötu er færður með tekjum og gjöldum badmintondeildar.